

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps og Keflavíkurflugvallar 1995-2015, Grænás-Njarðvíkurfitjar, Reykjanesbæ.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hafa umhverfisráðherra og utanríkisráðherra þann 5. janúar 2001 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Reykjanesbæjar, Sandgerðisbæjar, Gerðahrepps og Keflavíkurflugvallar 1995-2015 frá 7. október 1996.

Breytingarnar felast í breytingum á safngötum og tengibrautum, m.a. er tenging Grænásvegur við Reykjanesbraut felld niður. Lögun iðnaðarsvæðis ofan við Klettás er breytt og frestun á austasta hluta íbúðasvæðis í Grænási er felld niður auk þess sem lögun íbúðasvæða breytist.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Reykjanesbæjar og annarra sveitarfélaga er standa að svæðisskipulaginu. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

*Umhverfissráðuneytinu, 5. janúar 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Magnús Jóhannesson.*

*Utanríkisráðuneytinu, 25. janúar 2001.*

**Halldór Ásgrímsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sverrir H. Gunnlaugsson.*